

Kvarðað orðalag IPCC

„Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra – staðan 2013“ Fylgiskjal við vefgreinina <http://www.vedur.is/loftslag/rannsoknir/ipcc/ipcc-2013/>

Í úttektarskýrslu IPCC 2013 er notað visst *kvarðað orðalag* til þess að tilgreina líkur á tiltekinni atburðarás eða niðurstöðu. Orðin eru alþekkt en nákvæm skilgreining er til á því **við hvað er átt**, og er sá lykill gefinn hér. Þessi skilgreining gefur lesmáli frá IPCC ákveðnari merkingu en ella. Einnig er hér gefið yfirlit yfir helstu einingar sem notaðar eru (bls 2).

Kvarðað orðalag

| Orðalag | Líkindi |
|---------------------|-----------|
| Nánast öruggt | 99 – 100% |
| Mjög líklegt | 90 – 100% |
| Líklegt | 66 – 100% |
| Óráðið | 33 – 66% |
| Ólíklegt | 0 – 33% |
| Mjög ólíklegt | 0 – 10% |
| Afskaplega ólíklegt | 0 – 1% |

- Hvað vísbendingar (evidence) varðar er notað orðalagið: Takmarkaðar, þokkalegar eða traustar (limited, medium & robust) eftir því hversu eindregnar þær eru.
- Hversu sammála vísindamenn eru um niðurstöður er táknað með þremur stigum: Ósammála, þokkalega sammála og mjög sammála (low, medium and high agreement)
- Vissa (confidence) hefur eftirfarandi fimm stig: mjög lítil, lítil, þokkaleg, mikil og mjög mikil (very low, low, medium, high, very high confidence)
- Tölur á metnum stærðum eru í gefnar upp með 90% öryggisbili. Þannig þýðir 0,5 [0,4 – 0,6] að 0,5 sé líklegasta gildi, en 90% vissa sé fyrir því að rétt mat liggi á bilinu 0,4 til 0,6.

Um einingar

1 PgC eða eitt petagramm af kolefni samsvarar einu gígatonni af kolefni sem einnig er táknað 1GtC. Ef kolefnið í 1 GtC er bundið í CO₂ samsvarar verður heildarmassinn 3,67 Gt, svo 1GtC samsvarar 3,67GtCO₂.

Styrkur gróðurhúsalofttegunda er mældur í ppm eða ppb.

ppm stendur fyrir “hluti af milljón” og ppb fyrir “hluti af milljarði”. 400 ppm af CO₂ þýðir að af hverjum milljón loftsameindum eru 400 CO₂.

pH er mælikvarði á sýrustig vökva. Ef vökvi súrnar, fjölga vetnisjónum (H⁺) og pH gildið lækkar.